

SAMNINGUR
MILLI AKRAHREPPS OG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR
UM FRAMKVÆMD VERKEFNA

I. kafli – Almenn ákvæði

1. gr.

Samningur þessi fjallar um eftirtalin verkefni sem Sveitarfélagið Skagafjörður tekur að sér að annast fyrir Akrahrepp:

- a) Grunnskóla
- b) Leikskóla
- c) Tónlistarskóla
- d) Íþróttamiðstöð Varmahlíð og önnur íþróttamannvirki í Varmahlíð
- e) Barnavernd
- f) Frístundastarf barna
- g) Dagþjónustu fyrir aldraða
- h) Héraðsbókasafn, héraðsskjalasafn, safnahús og Byggðasafn Skagafirðinga
- i) Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Skagafirði og þjónustu atvinnu- og ferðamálafulltrúa
- j) Almannavarnir, brunavarnir og eldvarnaeftirlit
- k) Fasteignir í sameign sveitarfélaganna tveggja

Nánar er fjallað um einstaka þjónustupætti í ákvæðum samnings þessa. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða lögbundnar skyldur sveitarfélaga framselur Akrahreppur til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vald til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, nema annað sé tekið fram í samningnum.

Sveitarfélaginu Skagafirði er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu sem kveðið er á um í samningi þessum, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna.

2. gr.

Kostnaðarpáttaka Akrahrepps er tilgreind í einstökum ákvæðum samnings þessa. Auk þess greiðir Akrahreppur 5.000.000,- kr. á ári vegna umsýslu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, s.s. vegna vinnu við bókhald og laun, fjárumýslu, reksturs tölvukerfa o.fl. Fjárhæðin tekur breytingum í takt við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem er 470,1 stig við undirritun samningsins, í fyrsta sinn 1. desember 2019.

Greiðslur vegna rekstrar verkefnanna skulu, nema annað sé sérstaklega tekið fram, inntar af hendi mánaðarlega, fyrirfram fyrir hvern mánuð. Skulu greiðslur taka mið af greiðsluáætlun þar sem fram kemur áætlaður kostnaður vegna samningsins þar sem það á við samkvæmt

fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar hverju sinni. Uppgjör skal fara fram í lok hvers ársfjórðungs og taka mið af raunkostnaði.

Rekstur verkefna samkvæmt samningi þessum skal vera innan fjárheimilda sem ákvarðaðar eru í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna.

Akrahreppur framselur kröfur sínar á hendur greiðendum gjalda til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem innheimtir þær með sama hætti og eigin kröfur á hendur greiðendum. Akrahreppur ber ábyrgð á öllum kröfum vegna þjónustugjalda samkvæmt samningnum sem ekki innheimtast hjá íbúum Akrahrepps og skal Akrahreppur greiða Sveitarfélaginu Skagafirði þau gjöld ef vanskil hafa staðið lengur en í þrjá mánuði.

3. gr.

Framkvæmd samnings þessa skal rædd á sameiginlegum fund byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hreppsnefndar Akrahrepps. Skal slíkur fundur haldinn einu sinni á ári í tengslum við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna eða þegar annar hvor samningsaðilinn óskar eftir því. Framkvæmdastjórar beggja sveitarfélaga skulu funda oftár eftir þörfum með þeim aðilum sem málefni kalla eftir hverju sinni.

Á sameiginlegum fundi/-um byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hreppsnefndar Akrahrepps skv. 1. mgr. skal jafnframt fjalla um ákvarðanir eða ráðstafanir sem vænta má að breyti forsendum rekstrar viðkomandi verkefnis samkvæmt samningi þessum, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar hafa áhrif á þjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar við íbúa Akrahrepps. Sama gildir um ákvarðanir um viðhald eigna, nýfjárfestingu eða búnaðarkaup sem þarfnast samþykkis viðauka við fjárhagsáætlun annars eða beggja sveitarfélaganna.

Þegar efnt er til sérverkefna þar sem báðir samningsaðilar eiga aðild eða hagsmuna að gæta, svo sem vegna framkvæmda eða tímabundinna verkefna, skal sameiginlegur fundur skv. 1. mgr. taka ákvörðun um hvort stofna skuli verkefnaráð sem verði vettvangur upplýsinga og samráðs um framvindu verkefnisins.

II. kafli – Grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli og íþróttamannvirki

4. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast menntun grunnskólanemenda sem eiga lögheimili í Akrahreppi í Varmahlíðarskóla samkvæmt lögum um grunnskóla, aðalnámsskrá grunnskóla og skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 á grundvelli laga um grunnskóla nr. 91/2008, framselur Akrahreppur til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vald til töku ákvarðana.

Reiknaður skal kostnaður við rekstur Varmahlíðarskóla sem telst vera allur rekstrarkostnaður grunnskólans að frádregnum sértekjum, s.s. samkvæmt gjaldskrá grunnskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Kostnaði við reksturinn skal skipt á milli sveitarfélaganna á almanaksárinu, eftir nemendafjölda á hvoru skólaári fyrir sig, þ.e. janúar-júlí annars vegar og ágúst til desember hins vegar.

5. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður tekur að sér vistun barna úr Akrahreppi í leikskólanum Birkilundi í samræmi við lög um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og reglur um leikskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 á grundvelli laga um leikskóla nr. 90/2008, framselur Akrahreppur til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vald til töku ákvarðana.

Reiknaður skal kostnaður við rekstur leikskólans Birkilundar sem telst vera allur rekstrarkostnaður leikskólans að frádregnum sértekjum, s.s. samkvæmt gjaldskrá leikskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Kostnaði við reksturinn skal skipt á milli sveitarfélaganna eftir vistunartíma barna.

6. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur Tónlistarskóla Skagafjarðar samkvæmt reglugerð um skólann og hafa nemendur úr Akrahreppi aðgang að tónlistarskólanum.

Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 á grundvelli reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar, framselur Akrahreppur til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vald til töku ákvarðana.

Rekstrarkostnaði Tónlistarskóla Skagafjarðar að frádregnum sértekjum, s.s. samkvæmt gjaldskrá Tónlistarskóla Skagafjarðar, skal skipt á milli sveitarfélaganna á almanaksárinu, eftir nemendafjölda á hvoru skólaári fyrir sig, þ.e. janúar til júlí annars vegar og ágúst til desember hins vegar. Stofnkostnaði tónlistarskólans skal skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við íbúafjölda 31. desember ár hvert.

7. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur Íþróttamiðstöðvar í Varmahlíð og annarra íþróttamannvirkja í Varmahlíð.

Reiknaður skal kostnaður við rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar í Varmahlíð og annarra íþróttamannvirkja í Varmahlíð sem telst vera allur rekstrarkostnaður mannvirkjanna að frádregnum sértekjum, s.s. samkvæmt gjaldskrá Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi íþróttamannvirki. Kostnaði við reksturinn skal skipt á milli sveitarfélaganna eftir nemendafjölda í Varmahlíðarskóla, sbr. 4. gr. samningsins. Á starfstíma Varmahlíðarskóla skal skólinn hafa forgang á nýtingu íþróttamannvirkja í Varmahlíð. Hvort sveitarfélag fyrir sig skal standa straum af kostnaði við afslætti sem íbúum eru veittir vegna notkunar íþróttamannvirkjanna.

8. gr.

Akrahreppur skal greiða hlutdeild í sameiginlegri þjónustu sem fræðsluþjónusta Skagafjarðar veitir Varmahlíðarskóla, Tónlistarskóla Skagafjarðar og leikskólanum Birkilundi, s.s. vegna umsýslu og sérfræðiþjónustu.

Hlutdeild Akrahrepps skal reiknuð út frá hlutfalli nemenda úr Akrahreppi á móti heildarnemendafjölda í leik- og grunnskólum Skagafjarðar og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

9. gr.

Akrahreppur hefur rétt til að tilnefna einn aðalmann og annan til vara til að vera áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar með málfrelsi og tillögurétt. Réttur þessi takmarkast við umfjöllun nefndarinnar um málefni sem varða Varmahlíðarskóla, leikskólann Birkilund, Tónlistarskóla Skagafjarðar og þá þjónustu sem veitt er íbúum Akrahrepps að öðru leyti. Sama gildir um áheyrnarfulltrúa í félags- og tólmstundanefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Réttur þessi takmarkast við umfjöllun nefndarinnar um málefni sem varða Íþróttamiðstöðina í Varmahlíð og þá þjónustu sem veitt er íbúum Akrahrepps að öðru leyti. Jafnframt skal áheyrnarfulltrúi hafa málfrelsi og tillögurétt um almenn málefni er varða stefnumörkun, rekstur og önnur atriði skólasamfélagsins sem heildar.

Áheyrnarfulltrúar skulu víkja af fundi þegar önnur málefni er heyra undir nefndirnar eru til umfjöllunar.

Akrahreppur annast greiðslu nefndalauna áheyrnarfulltrúa sinna.

10. gr.

Hvort sveitarfélag fyrir sig annast og greiðir allan kostnað við skólaakstur barna úr sínu sveitarfélagi. Skólaferðir á vegum skólanna teljast ekki til skólaaksturs heldur almenns rekstrar skólanna.

III. kafli – Barnavernd og málefni aldraðra

11. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur almennrar stjórnsýslu vegna barnaverndar á starfssvæðinu. Akrahreppur tekur ákvarðanir um veitingu þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum, og framselur því ekki vald til töku ákvarðana til Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Vegna framkvæmdar barnaverndarlaga getur Akrahreppur keypt sérfræðiþjónustu af Sveitarfélaginu Skagafirði. Fyrir slíka sérfræðiaðstoð og almennan rekstur stjórnsýslu vegna barnaverndar, s.s. vegna eftirlits á grundvelli laganna, greiðir Akrahreppur mánaðarlega reikninga sem byggðir eru á skráðum tímum hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Tímagjald við undirritun samnings þessa er 15.000,- kr. Tímagjald samkvæmt þessari grein skal taka breytingum í takt við launavísitölu sem var 641,9 stig í apríl 2018. Jafnframt greiðir Akrahreppur aksturskostnað starfsmanna Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna þjónustu við íbúa Akrahrepps. Sveitarfélögin bera kostnað vegna bakvaktar vegna barnaverndar í hlutfalli við íbúafjölda.

Akrahreppur annast greiðslu nefndalauna fulltrúa sinna.

12. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast frístundastarf á vegum Húss frítímans sem grunnskólanemendur úr Akrahreppi hafa aðgang að.

Jafnframt hafa íbúar Akrahrepps aðgang að starfsemi fyrir aldraða í Húsi frítímans. Kostnaði vegna starfseminnar skal skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við 2,25% hlutfall sem greitt er af hálfu Akrahrepps.

13. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur dagdvalar aldraðra sem íbúar Akrahrepps hafa aðgang að og akstursþjónustu vegna hennar. Skipting kostnaðar sveitarfélaganna skal vera í sama hlutfalli og innsendur dagafjöldi til Sjúkratrygginga Íslands. Akrahreppur skal greiða hlutfall umframkostnaðar vegna rekstursins og tilheyrandi aksturs í samræmi við nýtingu íbúa sinna.

IV. kafli – Almannaþing og brunamál

14. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast lögbundin verkefni er varða almannavarnir, brunavarnir, eldvarnaeftirlit og tengd verkefni, s.s. sjúkraflutninga, fyrir Akrahrepp samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008, með síðari breytingum, og lögum um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993 á grundvelli laga um almannavarnir og laga um brunavarnir, framselur Akrahreppur til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vald til töku ákvarðana.

Stofn- og rekstrarkostnaði vegna verkefna samkvæmt þessari grein skal skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við íbúafjölda 31. desember ár hvert. Komi til sérstakra verkefna sem almennt falla ekki undir rekstur brunavarna greiðir Akrahreppur fyrir þá þjónustu samkvæmt ákvæðum gjaldskrár Brunavarna Skagafjarðar.

V. kafli – Safna- og ferðamál

15. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur héraðsbókasafns, héraðsskjalasafns, safnahúss og byggðasafns. Einnig annast Sveitarfélagið Skagafjörður rekstur upplýsingamiðstöðva ferðamála í Skagafirði, stuðning við markaðssetningu og uppbyggingu ferðaþjónustu í Skagafirði.

Stofn- og rekstrarkostnaði vegna verkefna samkvæmt þessari grein skal skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við íbúafjölda 31. desember ár hvert.

Hvort sveitarfélag fyrir sig skal standa straum af kostnaði við afslætti sem íbúum eru veittir vegna notkunar safna.

VI. kafli – Eignamál

16. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur eiga saman fasteignir. Við undirritun samnings þessa er um að ræða fasteignir sem tilgreindar eru í viðauka I við samninginn. Jafnframt er eignarhald hvors sveitarfélags tilgreint í viðaukanum.

17. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast rekstur og viðhald fasteigna í sameign skv. 16. gr. Stofnkostnaði, þar á meðal nýframkvæmdum og stofnbúnaðarkaupum, ásamt kostnaði við rekstur og viðhald fasteignanna skal skipt á milli sveitarfélaganna í samræmi við skilgreindan eignarhlut hvors aðila.

VII. kafli – Önnur ákvæði

18. gr.

Akrahreppur tekur þátt í kostnaði vegna eftirlaunaskuldbindinga vegna fyrrum starfsmanna Héraðsnefndar Skagfirðinga í samræmi við íbúafjölda 31. desember ár hvert.

19. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2023. Samning þennan má taka til endurskoðunar hvenær sem er á samningstímanum ef báðir aðilar samþykkja. Á gildistíma samningsins er hann uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins árs fyrirvara.

Við gildistöku samnings þessa falla úr gildi samstarfssamningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps frá 9. nóvember 1999 og samkomulag um rekstur Varmahlíðarskóla, Tónlistarskóla Skagafjarðar og leikskólans Birkilundar frá 27. desember 1999.

20. gr.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til héraðsdóms Norðurlands vestra náist ekki samkomulag milli aðila.

21. gr.


Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum samningsaðila.

Varmahlíð, 30. ágúst 2019


F.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar


F.h. Akrahrepps


Sigfus I. Sigfusson, sveitarstjóri




Hrefna Jóhannesdóttir, oddviti

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:


Nafn


kt.


Nafn


kt.

Viðauki I

Fastanr.	Notkunartexti	Heimilisfang	Eignarhluti Akrahrepps	Eignarhluti Svf. Skagafj.	Eignarhl. 3. aðila
2131483	Safnahús	Faxatorg	5,070%	94,930%	0
2132118	Skrifstofa	Skagfirðingabraut 17-21	1,520%	98,480%	0
2132122	Heimavist	Skagfirðingabraut 24	2,030%	37,970%	60,000%
2132126	Verknámshús	Skagfirðingabraut 26	2,030%	37,970%	60,000%
2132335	Bóknámshús	Sæmundarhlíð	2,030%	37,970%	60,000%
2132337	Slökkvistöð	Sæmundargata	5,070%	94,930%	0
2132581	Sjúkrahús	Sauðárhæðir	0,760%	14,240%	85,000%
2132584	Heilsugæslustöð/bílskúr	Sauðárhæðir	0,760%	14,240%	85,000%
2132585	Hjúkrunar og dvalarh.	Sauðárhæðir	0,760%	14,240%	85,000%
2140444	Áshús/Gilsstofa/Snyrting	Glaumbær lóð	5,070%	94,930%	0
2140812	Einbýlishús	Laugavegur 17	25,000%	75,000%	0
2140833	Félagsheimili *	Miðgarður	15,000%	60,000%	25,000%
2140846	Sundlaug	Varmahlíð	25,000%	75,000%	0
2140849	Tækjageymsla **	Varmahlíð/Sauðárkróks	2,030%	37,970%	60,000%
2140850	Skóli	Varmahlíðarskóli	25,000%	75,000%	0
2140851	Bað- og búningshús	Varmahlíðarskóli	25,000%	75,000%	0
2143073	Jörð/hlunnindi	Drangey	5,070%	94,930%	0
2143662	Slökkvistöð/björg.sv. ***	Skólagata 1	3,720%	69,680%	26,600%
2143679	Læknastofa/íbúð/bílskúr	Suðurbraut 15	0,760%	14,240%	85,000%
2143709	Fjölbýlishús	Túngata 2	5,070%	94,930%	0
2241037	Vistheimili	Garðhús land	5,070%	94,930%	0
2241038	Leikskóli	Furulundur 3	25,000%	75,000%	0
2255434	Endurhæfingarhús	Sauðárhæðir	0,750%	14,250%	85,000%
2337400	Annað land	Garður land	5,070%	94,930%	0

* Félagshimilið Miðgarður. Núverandi skráning í þinglýsingarbókum er á þann veg að Akrahreppur er skráður fyrir 15% fasteignarinnar, Karlakórinn Heimir 5%, Kvenfélag Seyluhrepps 5%, Sveitarfélagið Skagafjörður 60%, Umf. Fram 12% og Umf. Æskan 3%. Ungmennafélögin hafa ekki kennitölu og lítið lífsmark með þeim. Með tilvísun í samning frá 2006 þá má leiða að því rök að eignarhald hafi fæst til sveitarfélaganna eftir endurgerð félagsheimilisins.

** Tækjageymsla. Núverandi skráning í þinglýsingarbókum er á þann veg að Akrahreppur er skráður fyrir 2,03% fasteignarinnar, Sveitarfélagið Skagafjörður 37,97% og Flugbjörgunarsveitin Varmahlíð 60%. Þessi eignaskipting er röng. Búið er að óska eftir gerð eignaskiptasamnings þar sem eignaprósenta verður leiðrétt.

*** Slökkvistöð á Hofsósi. Núverandi skráning í þinglýsingarbókum er á þann veg að Sveitarfélagið Skagafjörður er skráð fyrir 73,4% fasteignarinnar og Björgunarsveitin Grettir 26,6%. Þessi eignaskipting er röng. Búið er að óska eftir gerð eignaskiptasamnings þar sem eignaprósenta verður leiðrétt.

SAMNINGUR
MILLI AKRAHREPPS OG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR
UM ÞJÓNUSTU SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚA

1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður selur Akrahreppi þjónustu embættis skipulags- og byggingarfulltrúa sem starfar á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um mannvirki nr. 160/2010. Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur ákvarðanir í samræmi við heimildir framangreindra laga, en Akrahreppur tekur allar aðrar ákvarðanir um skipulags- og byggingarmál og framselur að því leyti því ekki vald til töku ákvarðana til Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

2. gr.

Fyrir þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa greiðir Akrahreppur mánaðarlega reikninga sem byggðir eru á skráðum tímum hjá Sveitarfélaginu Skagafirði, aksturskostnaði og föstu gjaldi vegna meðferðar og varðveislu gagna á pappírformi.

Tímagjald við undirritun samnings þessa er samkvæmt gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfa í Sveitarfélaginu Skagafirði á hverjum tíma.

Akrahreppur greiðir aksturskostnað skipulags- og byggingarfulltrúa vegna þjónustu við íbúa Akrahrepps miðað við ekna kílómetra. Akrahreppur útvegar viðeigandi skjalavistunar- og skráningarkerfi, ásamt því að verða sér úti um aðgang að byggingargátt Mannvirkjastofnunar, og ber allan kostnað af því.

Akrahreppur greiðir fast gjald vegna meðferðar og varðveislu gagna á pappírformi sem uppfylla skulu kröfur viðkomandi laga og reglna. Gjald þetta skal vera 50.000,- kr. á mánuði. Fjárhæðin tekur breytingum í takt við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem er 460,5 stig í janúar 2019, í fyrsta sinn 1. janúar 2020.

3. gr.

Framkvæmd samnings þessa er heimilt að ræða á sameiginlegum fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hreppsnefndar Akrahrepps.

4. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2023. Samning þennan má taka til endurskoðunar hvenær sem er á samningstímanum ef báðir aðilar samþykkja. Á gildistíma samningsins er hann uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins árs fyrirvara.

5. gr.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til héraðsdóms Norðurlands vestra náist ekki samkomulag milli aðila.

6. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum samningsaðila.

Varmahlíð, 30. ágúst 2019


F.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar

F.h. Akrahrepps

Sigfús J. Sigfússon
Sigfús J. Sigfússon, sveitarstjóri
 Skagafjörður
Sveitarstjóri

Hrefna Jóhannesdóttir
Hrefna Jóhannesdóttir, oddviti

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:


Nafn

170177-5909
kt.


Nafn

090361-3179
kt.

VIÐAUKI VIÐ SAMNING
MILLI AKRAHREPPS OG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR
UM FRAMKVÆMD VERKEFNA, DAGS. 30. ÁGÚST 2019

1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður mun veita Akrahreppi tiltekinn aðgang að sorppjónustu hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Akrahreppur greiðir 25% í framkvæmdakostnaði við nýja sorpmóttökustöð Varmahlíð og mun síðan greiða 20% af kostnaði við viðhald móttökustöðvarinnar.

Akrahreppur greiðir jafnframt árlega hlutdeild í rekstrarkostnaði móttökustöðvarinnar. Skal þeim kostnaði skipt á milli sveitarfélaganna hlutfallslega í samræmi við íbúafjölda 31. desember ár hvert. Greiðsluhlutdeild Akrahrepps skal vera í hlutfalli við íbúafjölda fyrrum Lýtingsstaðahrepps, Seyluhrepps og Staðahrepps sem nú eru innan Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Komi til sérstakra verkefna sem almennt falla ekki undir rekstur móttökustöðvarinnar greiðir Akrahreppur fyrir þá þjónustu samkvæmt sérstöku samkomulagi hverju sinni.

2. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. nóvember 2020 til 31. desember 2023. Samningur þennan má taka til endurskoðunar hvenær sem er á samningstímanum ef báðir aðilar samþykkja. Á gildistíma samningsins er hann uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins árs fyrirvara.

3. gr.

Að öðru leyti en fram kemur í viðauka þessum gilda ákvæði samningsins frá 30. ágúst 2019.

4. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum samningsaðila.

[undirritun á næstu síðu]

Skagafjörður, 8. janúar 2021

F.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar

F.h. Akrahrepps

Sigrús J. Sigfússon
Sigrús J. Sigfússon sveitarstjóri
 Skagafjörður
sveitarstjóri

Hrefna Jóhannesdóttir
Hrefna Jóhannesdóttir oddviti
AKRAHREPPUR
560 Varmahlíð
Kt. 410169-3209

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Keirán Jónsdóttir
Nafn

1101643559
kt.

Ásta 'Ulöf Jónsdóttir
Nafn

011160-4929
kt.